

Tillaga að

STARFSLEYFI

UST202104-398

Landeldi á laxfiskum

Landeldi ehf.

Starfsstöð: Laxabraut 21-25, Þorlákshöfn

Lögheimili: Urðarhvarfi 8. 203 Kópavogur

Kt: 650417-1510

1 ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir félagið Landeldi ehf., kt. 650417-1510, fyrir landeldi á laxfiskum og í eldisstöð félagsins að Laxabraut 21, 23 og 25 í Þorlákshöfn. Landeldi ehf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum er hægt að sækja um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn hafi tekið við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Verði gerð breyting á nafni rekstraraðili ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun um slíka breytingu.

1.2 Umfang starfseminnar

Starfsleyfið tekur til eldis með allt að 3.450 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma að Laxabraut 21-25, Þorlákshöfn.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftirlitsaðili tekur saman skýrslur um eftirlit. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita útgefanda starfsleyfis upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Breytingin skal vera í samræmi við ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu eða álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar sbr. lög nr. 111/2021, um mat á umhverfisáhrifum, ef við á.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun) og neyðaráætlun

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá fiski, úrgangi, efnaafgöngum, húsnæði, tækjum, olíugeymum, lögnum, menguðum jarðveg og rekstrarsvæði á viðurkenndan hátt. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni í starfsstöðinni eða á lóð hennar. Einnig skal vera ákvæði um næstu endurskoðun hennar. Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila með a.m.k þriggja mánaða fyrirvara eða þegar ákvörðun liggur fyrir. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlarnar. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur. Eftirlitsaðila er heimilt að krefja rekstraraðila um að tímasetja áætlun um frágang ef hann telur þörf á. Gera skal slökkviliði viðvart um stöðvun starfseminnar um leið og eftirlitsaðila.

Útbúa skal og vinna eftir neyðaráætlun sem skal vera tiltæk á eldisstöðinni ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri seiðældis í stöðinni. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri.

Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang. Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu ef rekstur hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Einnig er skylt, eða eftir atvikum heimilt, að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskylt er sbr. gr. 1.4,
- þegar mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í starfsleyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í starfsleyfinu,
- þegar nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis,
- þegar nauðsynlegt er að fara að nýjum eða endurskoðuðum umhverfisgæðastöðlum í samræmi við 11. gr. reglugerðar nr. 550/2018,
- ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni (BAT) skal rekstraraðili

- senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun um með hvaða hætti hann hygðist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt,
- ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn,
 - ef vöktun leiðir í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir umrætt vatnshlot, sbr. gr. 3.5, á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð,
 - ef niðurstöður umhverfisvöktunar, sbr. gr. 3.5 og 4.3, benda til þess eða Umhverfisstofnun hefur með öðrum hætti upplýsingar um uppsöfnun næringarefna eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni hafi komið upp að mati Umhverfisstofnunar getur hún einhliða endurskoðað eldisfyrirkomulagið,
 - ef breyting verður á skipulagi.

Við endurskoðun starfsleyfisins skal tekið tillit til þess að kröfur í starfsleyfum fyrir fiskeldi, þ.m.t. kröfur vegna frárennismála, séu samræmdar eins og aðstæður gefa tilefni til og jafnræðis gætt. Ef nauðsynlegt reynist, að mati stofnunarinnar, skal rekstraraðili sækja um nýtt starfsleyfi.

Rekstraraðila er ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi, starfsleyfisumsókn og upplýsingu um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018.

Umhverfisstofnun birtir eftirlitsniðurstöður samkvæmt gr. 1.3. og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

Rekstraraðili skal þegar í stað grípa til nauðsynlegra varnarráðstafana vegna yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans. Ef umhverfistjón verður skal rekstraraðili þegar í stað hefja aðgerðir til að takmarka tjón eða afstýra frekara tjóni.

Rekstraraðili skal þegar í stað tilkynna Umhverfisstofnun um umhverfistjón eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni sem rekja má til starfsemi hans og upplýsa um alla þætti sem máli skipta. Jafnframt skal rekstraraðili setja fram og senda Umhverfisstofnun áætlun um úrbætur vegna umhverfistjóns sem þegar er orðið.

2 STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felast aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum eldisins, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja, með því að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins, svo og að draga úr losun efna út í umhverfið. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum fyrirtækisins og framkvæmd neyðar- og viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið og/eða tengiliðsupplýsingum.

2.3 Verkstjórn og takmörkun aðgangs

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Starfsfólk skal vera þjálfað til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað stöðvarinnar.

Rekstraraðili er skylt að ganga vel um og skal hann halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu. Rekstraraðili skal sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýtis fyrir umhverfið.

2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.b. í lögum nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Jafnframt skal viðkomandi heilbrigðisnefnd upplýst um óhappið. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og önnur atvik sem hafa í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við Neyðarlínuna 112. Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

2.7 Tryggingar vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16.gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.8 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari eða aðrar mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrði sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarpáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megji aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3 VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) sem skilgreind hefur verið við mengunarvarnir og nýta vel orku og vatn. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið (sambættar mengunarvarnir). Besta aðgengilega tækni hefur verið skilgreind í „Bat for fiskeopdræt i Norden“, ©Nordisk Ministerråd, TemaNord 2013:529.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi.

3.2 Fóðurgjöf og val á fóðri

Fóðurgjöf og vali á fóðri skal stýrt þannig að myndun úrgangs sé í lágmarki, t.d. með fóðrunarkerfi sem tekur tillit til vaxtarlíkana.

3.3 Eldisvatn

Nýting á vatni skal vera eins góð og kostur er. Aðföng og orku skal nýta á sem bestan hátt ásamt því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif eldisins sbr. gr. 3.1.

3.4 Efnalosun

Losun fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 10 kg/tonn af lífmassaaukingu á ári. Rekstraraðila er ekki heimil önnur losun á þeim efnum sem talin eru upp í listum I og II í viðauka reglugerðar nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns.

3.5 Losun og frágangur við útrás frárennslis

Um losun og frágang við útrás frárennslis gildir 7. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Mannvirki við útrás frárennslis skal tryggilega frágengið þannig að það sé viðunandi rennslis.

Viðunandi rennslis einkennist af því að ekki myndist pollar eða að sjá megi uppsöfnun næringarefna nærri útrásinni. Umhverfisstofnun getur skilgreint nánar hvort rennslis sé viðunandi. Taka skal myndir við útrásina til að fylgjast með hvort starfsemin hafi áhrif á umhverfið þar í kring tvisvar á ári.

Rekstraraðili skal tryggja að losun fari ekki yfir viðmiðunarmörk í samræmi við gr. 3.4 í starfsleyfi með tromlusíum eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Mælist losun yfir mörkum skal gera ráðstafanir til að tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns áður en því er veitt í viðtakann. Umhverfisstofnun getur kallað eftir mælingum samkvæmt gr. 2.8 ef eftirlit gefur til kynna að hreinsun frárennslis sé ábótavant.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun sett rekstraraðila frest til að framkvæma einhverja eftirfarandi aðgerða eða fleiri aðgerðir í einu:

- Frágangur útrásar sé bættur,
- frárennslisvatn verði vel hreinsað með frekari hætti,
- rekstraraðila verði gert að finna aðra varanlega lausn á málinu.

Í alvarlegri tilvikum getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum gr. 1.7.

Við útrásir þar sem fráveituvatni er veitt í viðtaka, sbr. gr. 3.4, má ekki vera:

- Set eða útfellingar,
- þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir),
- olía eða froða,
- sorp eða aðrir aðskotahlutir,
- efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

3.6 Lífríki og flokkun vatns

Starfsemin losar í viðtaka sem er vatnshlotið Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103-1341-C. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldis. Fiskeldi má ekki valda breytingu á lífríki og ástandi vatnshlotsins varðandi líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sbr. þó gr. 3.8.

Umhverfisstofnun er heimilt að endurskoða starfsleyfið, sbr. gr. 1.6, ef ástandi vatns fer hrakandi vegna rekstrarins og hætta er á að það falli niður um flokk eða hafi fallið niður um flokk vatns skv. 9. og 10. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

3.7 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal uppfylla kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu skal vera aðskilið frá fráveitu eldisins.

3.8 Meindýravarnir

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja útrás stöðvarinnar. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.

3.9 Dauður fiskur

Rekstraraðili skal hafa útbúnað sem fangar dauðan fisk úr stöðinni og úr frárennslisvatni áður en það er losað í viðtaka. Endurnýta skal dauðfisk eins og kostur er. Skriflegur samningur skal liggja fyrir við þann aðila sem tekur við dauðum fiski til meðhöndlunar og skal sá aðili hafa til þess öll tilskilin leyfi. Um meðhöndlun fisksins gilda ákvæði gr. 3.10 um lífbrjótanlegan úrgang.

Fastefni (set síað úr eldisvatni) sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýtt eins og kostur er, t.d. sem áburð, sjá gr. 3.10.

3.10 Meðhöndlun úrgangs og spilliefna

Rekstraraðili skal útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal m.a. taka til endurnýtingu lífbrjótanlegs úrgangs (þ.m.t. fastefnis úr frárennsli) og innihalda tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar með urðun. Ef þörf er á skal áætlunin uppfærð og skilað til eftirlitsaðila til samþykktar. Ekki er heimilt að farga neins konar úrgangi um niðurföll. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs.

Fastefni sem hreinsað er úr frárennsli skal endurnýta eins og kostur er. Rekstraraðili skal útbúa áætlun um endurnýtingu fastefnis úr frárennsli eldisstöðvarinnar og vinna samkvæmt henni. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru ekki fyrir hendi skal lífbrjótanlegur úrgangur fluttur til viðurkenndrar meðhöndlunar. Ganga skal frá honum í þétt lokuð ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrifa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaafgöngum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Varp efna og hluta í hafið er óheimilt nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð. Sé þess kostur skal skipta út efnum og efnablöndum sem geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið fyrir efni sem eru minna skaðleg. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlunum skv. gr. 2.5 og 2.6.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hættá sé á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4 INNRA EFTIRLIT

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

- Lífmassaukning, framleiðslu og afföll ársins,
- fóðurnotkun, fóðurnýtingu og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru í stöðinni,
- kvartanir vegna starfseminnar,
- bilanir og óhöpp sem valdið gætu mengun,
- allan úrgang sem verður til í framleiðslunni og meðhöndlun hans,
- staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram, sbr. gr. 2.3.,
- magn næringarefni í frárennsli við mestu og minnstu fóðrun (losunarmælingar) sbr. gr. 4.3,
- niðurstöður mælinga, sbr. gr. 4.3,
- tæmingu olúgildra séu þær til staðar,
- hreinsun á mengunarvarnabúnaði,

4.2 Búnaður til sýnatöku

Aðstaða skal vera til sýnatöku í frárennsli áður en því er veitt í viðtaka. Umhverfisstofnun getur sett nánari skilyrði um hvernig staðið er að mælingum og sýnatöku og hvaða aðila sé falið að taka sýni.

4.3 Sýnataka úr frárennsli og losun næringarefna

Taka skal sýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD5). Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni.

Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun (hámarksvöxt) hins vegar þegar fóðrun er í lágmarki. Fjöldi mælinga er hægt að endurskoða sbr. gr. 2.6. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila árlega sbr. gr. 4.4. Meta skal virkni hreinsibúnaðar eldisvatns í frárennsli við útrás, sbr. gr. 3.4 og 3.5, og ákvarðanir teknar um hvort bregðast þurfi við með aukinni hreinsun. Skulu niðurstöður vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

4.4 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Þá skulu koma fram þær upplýsingar sem liggja fyrir um flokkun vatns, sbr. gr. 3.6.

4.5 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega, skv. ákvæðum reglugerðar, til Umhverfisstofnunar umhverfisupplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar. Eftirlitsaðili getur veitt rekstraraðila heimild til að skila umhverfisupplýsingum sameiginlega með ársyfirliti sbr. gr. 4.4 en skilafrestir framlengjast þó ekki við það.

5 UMHVERFISVÖKTUN

5.1 Vöktunarmælingar

Rekstraraðili skal vakta og taka þátt í vöktun á helstu umhverfisþáttum í nágrenni eldisstöðvarinnar og útrásarinnar í samræmi við umfang losunar fyrirtækisins í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun um að gera breytingar á fyrirkomulagi umhverfisvöktunar telji stofnunin að ástæða sé til og kallað eftir vöktunaráætlun.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga og mælinga, sbr. gr. 4.1 og 4.3, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003.

Rekstraraðila er heimilt að vísa til ársyfirlit sbr. gr. 4.4 ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.2 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða allan kostnað við rannsóknir á mengun í nágrenni eldisstöðvar samkvæmt starfsleyfi þessu eða sinn hluta af kostnaðinum ef önnur fyrirtæki á svæðinu valda samskonar mengun. Mælingar og sýnataka skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefnir og Umhverfisstofnun samþykkir.

6 FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 2. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 2. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda, fráviks eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

7 GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi við afhendingu Matvælastofnunar til rekstraraðila og gildir til **xxxxxx**.

Starfsemi er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram á sama stað þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, xx. xxxx xxxx.

VIÐAUKI 1

Yfirlit yfir skiladaga:

Í eftirfarandi ákvæðum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Í gr. 2.1 er kveðið á um að rekstraraðili skuli setja sér umhverfismarkmið þau endurskoðuð a.m.k. á fjögurra ára fresti.
- Í gr. 4.3 er kveðið á um að mæla efnainnihald eldisvatns í frárennsli fyrst þegar lífmassi er í hámarki árið eftir að starfsleyfi hefur verið gefið út. Síðan skal gera mælingar á a.m.k. tvisvar á ári.
- Í gr. 4.4 er kveðið á um að rekstraraðili sendi ársyfirlit til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Í gr. 4.5 er kveðið á um að rekstraraðili skuli skila umhverfisupplýsingum árlega.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.